



Læsisstefna leik- og grunnskóla Vesturbyggðar

Læsisstefna leik- og grunnskóla Vesturbyggðar

Læsisstefna leik- og grunnskóla Vesturbyggðar byggir á þeirri sýn að læsi sé grunnforsenda alls náms. Markmiðið er að tryggja að nemendur byggji upp góðan læsisgrunn frá leikskólaaldri og í gegnum allan grunnskólann. Þetta er skýr og sameiginleg stefna allra skólanna í Vesturbyggð.

Í grunnskólanum er jafnframt lögð áhersla á ritun sem mikilvægan þátt læsis. Nemendur vinna markvisst með ritun og fjölbreyttar textategundir alla skólagönguna, bæði í móðurmáli og öðrum námsgreinum.

Móttaka nýrra nemenda og staða þeirra í læsi

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á að afla upplýsinga um stöðu þeirra og meta færni í læsi sem fyrst. Niðurstöður mats eru nýttar til að skipuleggja einstaklingsmiðað nám og viðeigandi stuðning í samræmi við þarfir nemenda.

Leikskólinn – grunnur að læsi

Í leikskólanum er lögð áhersla á að skapa börnum gott og vel skipulagt málörvunarumhverfi. Í leikskólanum hefst stigvaxandi uppbygging á grunnfærni sem byggir undir lestur og lesskilning. Unnið er með tungumálið í heild sinni með því að efla málþroska, auka orðaforða og þjálf hlustun og frásögn í frjálsum leik og skipulögðu starfi.

Foreldrar eru hvattir til að styðja við málþroska barna sinna með því að lesa fyrir þau, setja orð á athafnir og skapa jákvætt viðhorf til bóka og tungumáls, enda er fræðsla foreldra lykilatriði í uppbyggingu málþroska og læsis. Þannig bera leikskóli og heimili sameiginlega ábyrgð á því að byggja upp sterkan læsisgrunn hjá börnum. .

Yngsta stig (1.–4. bekkur) – öflug grunnfærni

Á yngsta stigi er lögð rík áhersla á markvissa lestrarkennslu með það að markmiði að allir nemendur verði læsir fyrir lok 4. bekkjar. Lestrarkennsla er kerfisbundin, vel skipulögð og einstaklingsmiðuð frá fyrstu stigum grunnskólans.

Áhersla er lögð á skráningu á grunnfærni nemenda sem kennarar, stoðþjónustan og stjórnendur rýna í til þess að tryggja að nemendum sé mætt þar sem þeir standa. Fylgst er með grunnfærni, niðurstöðum



Matsferlis og námsmati sem lagt er fyrir nemendur á skólaárinu. Þegar niðurstöður liggja fyrir er skráð hvernig fyrirhugað er að bregðast við og sú aðgerðaáætlun samþykkt af kennarateyminu, stoðþjónustu og stjórnendum.

- Skimanaáætlun varðar skráninguna á grunnfærni nemenda. Það er lykilatriði að skimanir fari fram og að grunnfærni sé skráð í grunnfærnisgjafi sem allt kennarateymið hefur aðgang að.
- Grunnfærnisráningin er stafa- og hljóðakönnun, grunn talnaskilningur, niðurstöður úr Matsferli og öðrum skimunum skv. skimunaráætlun.
- Skimun og námsmat fer fram reglulega yfir skólaárið og er í senn hluti af daglegri námsframvindu og samræmdum mælingum. Stoðþjónusta skólans tekur virkan þátt í þessari vinnu og veitir nemendum og kennurum stuðning eftir þörfum.

Áhersla er lögð á að setja skýr námsmarkmið fyrir nemendur. Lestrarumhverfi skólans er hvetjandi og heimalestur er mikilvægur þáttur í reglubundinni æfingu. Samstarf heimila og skóla er þar lykilatriði. Kennarar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Á þessu stigi er einnig lögð áhersla á grunnþætti ritunar. Nemendur þjálfast í að skrifa einfaldan texta, segja frá, lýsa og vinna með fyrstu textategundir sínar.

Miðstigi (5.–7. bekkur) – sjálfstæði og dýpri lesskilningur

Á miðstigi er gert ráð fyrir að flestir nemendur hafi náð góðum tókum á grunnþáttum lestrar og hafi náð tókum á lesskilningi í samræmi við aldur. Áherslan færir því í auknum mæli yfir á sjálfstæði í lestri, námstækni og dýpri lesskilning.

Nemendur læra að vinna með fjölbreytta texta, þjálfagagnrýna hugsun og styrkja hæfni til að túlka og meta upplýsingar. Unnið er markvisst með lesskilning og orðaforða í öllum námsgreinum.

Á miðstigi er lögð áhersla á að þeir nemendur sem ekki hafa náð sjálfstæðri lestrarfærni fái einstaklingsmiðaðan stuðning og læri að nota hjálpartæki, þar á meðal rafrænan stuðning, til að efla lestrarfærni sína. Nemendur sem hafa ekki náð góðum tókum á grunnþáttum læsis fá áframhaldandi stuðning á mið- og unglingsstigi með gagnreyndum og fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Á þessu stigi er einnig unnið markvisst með ritun. Nemendur vinna með fjölbreyttar textategundir, svo sem frásagnir, lýsingar, skýringar og rökfærslu og læra vandaða uppbyggingu texta.

Unglingsstigi (8.–10. bekkur) – gagnrýnin hugsun og fjölbreytt læsi

Við upphaf unglingsstigs er gert ráð fyrir að nemendur geti nýtt lestrarfærni sína í námi og daglegu lífi. Nemendur sem þurfa stuðning fá áfram viðeigandi aðstoð, meðal annars með hjálp tæknilausna.



Á þessu stigi er unnið með fjölbreytta texta, þverfaglegt læsi og skapandi textavinnu. Nemendur læra að beita lestri til að afla sér þekkingar, greina upplýsingar og mynda sér gagnrýna og rökstudda skoðun.

Áhersla er einnig lögð á ritun þar sem nemendur vinna með ólíkar textategundir, þróa eigin stíl og læra að skrifa skýran og vel uppbyggðan texta í mismunandi tilgangi.

Samstarf og ábyrgð

Skólarnir leggja áherslu á skýrt námsmat og reglulega endurgjöf til nemenda og foreldra um framvindu í lestri og ritun. Skólastjórnendur bera ábyrgð á því að starfsfólk hafi aðgang að viðeigandi kennslugögnum, tækni, stuðningi og faglegri þróun til að fylgja læsisstefnunni eftir.

Skimanir og samræmdar mælingar

Aldur	Skimanir eftir aldri	Grunnfærni námsmat skráð	Ef grunur um frávik
2 ½ ára			Íslenski smábarnalistinn (15– 38 mánaða), ef grunur um þroskafrávik, AEPS ef grunur er um frávik
3 ára og eldri	TRAS skimun allir		Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik. Íslenski þroskalistinn, ef grunur um þroskafrávik, EFl-2 (3;1–3;8 ára), ef grunur um málþroskaröskun. Aeps ef grunur er um frávik
4 ára	4 skoðun á heilsugæslu		Íslenski þroskalistinn, ef grunur um þroskafrávik Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik. AEPS ef grunur er um frávik
5 ára	Hljóm MMS	Skrá grunnfærni að minnsta kosti í október og apríl.	AEPS ef grunur er um frávik Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
1. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Liðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni að minnsta kosti í október og apríl.	Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
2. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Liðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni að minnsta kosti í október og apríl.	Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.



3. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Líðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni að minnsta kosti í október og apríl.	Orðarún eftir þörfum LOGOS skimun eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
4. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Matsferill stærðfræði mars MMS Matsferill íslenska mars MMS Líðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni að minnsta kosti í október og apríl.	LOGOS prófið lagt fyrir þá sem greinast með mjög slaka færni lesfimi. Orðarún eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
5. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Matsferill stærðfræði mars MMS Matsferill íslenska mars MMS Líðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni október og apríl fyrir þau sem eru undir viðmiðum. Hefja vinnu við að börn sem er enn undir viðmiðum fái stoðtæki við hæfni (raddlestur, róbóta, tölvu)	Orðarún eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
6. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Matsferill stærðfræði mars Matsferill íslenska mars Líðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni október og apríl fyrir þau sem eru undir viðmiðum. Hefja vinnu við að börn sem er enn undir viðmiðum fái stoðtæki við hæfni (raddlestur, róbóta, tölvu)	LOGOS/mat/endurmat ef þarf Orðarún eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
7. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Matsferill stærðfræði mars MMS Matsferill íslenska mars MMS Líðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni október og apríl fyrir þau sem eru undir viðmiðum. Hefja vinnu við að börn sem er enn undir viðmiðum fái stoðtæki við hæfni (raddlestur, róbóta, tölvu)	Orðarún eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
8. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Matsferill stærðfræði mars MMS Matsferill íslenska mars MMS Líðan könnun 2x á ári	Skrá grunnfærni október og apríl fyrir þau sem eru undir viðmiðum.	Orðarún eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.
9. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar	Skrá grunnfærni október og apríl fyrir þau sem eru	Orðarún eftir þörfum Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur



	Lesfimi í maí Matsferill stærðfræði mars Matsferill íslenska mars Líðan könnun 2x á ári	undir viðmiðum. Önnur börn eiga að vera komin með grunnfærni - sum með aðstoð tækninnar en um 90% á eigin spýtur.	um framburðarfrávik. GRP 14h
10. bekkur	Lesfimi í september Lesfimi í janúar Lesfimi í maí Líðan könnun 2x á ári	Öll tæknilega læs og með góða grunnfærni í læsi og stærðfræði	LOGOS/mat/endurmat ef þarf Íslenski málhljóðamælirinn eftir þörfum ef grunur um framburðarfrávik.

Yfirlit yfir skimanir

Hér er yfirlit yfir þær skimanir, matstæki og grunnfærnisráningar sem nefndar eru í skimanaáætluninni. Yfirlitið er í stafrófsröð.

AEPS

AEPS-matskerfið er notað í sértækum tilgangi. Það er hagnýtt verkfæri sem nýtist vel við skipulagningu íhlutunar og gerð einstaklingsnámskrár. AEPS felst í matslistum sem lagðir eru annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir starfsfólk leikskóla. Listarnir meta færni barnsins á sex þroskasviðum: fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. Niðurstöður matsins gefa góða vísbendingu um styrkleika og veikleika barnsins og er samanburður við barnið sjálft.

EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári, ætluð þeim sem koma að sérkennslu barna í leikskólum. EFI-2 málþroskaskimun gefur markvissar niðurstöður til að meta hvort þörf sé á frekari greiningu fagaðila.

Grunnfærni

Grunnfærni nemenda í læsi, stærðfræði og daglegum athöfnum er mæld að minnsta kosti tvisvar á skólaári. Góð eftirfylgni á grunnfærni nemenda og aðlögun á kennslu nemenda eftir niðurstöðum er grundvöllur fyrir því að nemendur sýni framfarir og nái árangri í leik og starfi innan skólans.

Hljóm- 2

Hljóm-2 er hljóð- og málvitundarskimun sem notuð er til að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska. Börn sem fara í Hljóm-2 þurfa að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára, 1 mánaðar og 15 daga.



Hljómprófin hafa lengi verið notuð til að meta hljóðkerfisvitund og málvitund elstu árganga leikskóla. Prófin sýna hvaða börn gætu átt í erfiðleikum með lestur þegar formlegt lestrarnám hefst. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök vanda hjá 88% barna sem eiga í erfiðleikum með lestrarnám. Það er því mikilvægt að vinna með orsökina. Það er gert strax í leikskóla en líka á yngri stigum grunnskóla og heima.

Íslenski þroskalistinn

Íslenska þroskalistanum er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Mæður svara stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna á þeim tíma þegar listinn er fylltur út. Íslenski þroskalistinn er staðlaður héraendis í úrtaki 1120 mæðra barna á aldrinum þriggja til sex ára. Þeir sem hafa lokið réttindanámskeiði um Íslenska þroskalistann mega nota listann. Upplýsingar um listann er að finna á <https://throski.is/islenski-throskalistinn/>

Íslenski málhjóðamælirinn

Íslenski málhjóðamælirinn er smáforrit sem hentar vel til að forprófa öll börn á leik- og grunnskólaaldri til að meta hvar barnið stendur í framburði íslensku málhjóðanna og hvernig best sé að koma til móts við þarfir þess. Þá er kjörið að skima með Íslenska málhjóðamælinum til að meta hvaða börnum þarf að gefa sérstakan gaum og vísa þeim strax til talmeinafræðings. Skimunartækið hentar jafnframt sérstaklega vel til að skima nemendur af erlendum uppruna og undirbúa þá fyrir íslenskunámið með ábendingum um framburð íslensku málhjóðanna.

Matsferill

Matsferill MMS eru samræmd stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði sem verða lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkjar allra grunnskóla landsins á fyrir fram ákveðnum tímabilum. Skólum er skylt að leggja prófin fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk. Ákvörðun um notkun prófanna í öðrum árgöngum er í höndum kennara, skólastjóra eða fræðsluyfirvalda hvers sveitarfélags. Próf MMS eru nýtt til að skrá stöðu nemenda og skima fyrir nemendum sem gætu þurft aðstoð. Sé þörf á inngripi er það sett í ferli innan skólanna til að tryggja framfarir hvers nemanda.

Logos

Logos er greiningartæki sem er notað til að greina lestrarerfiðleika hjá einstaklingum. Prófið er hægt að leggja fyrir frá 3. bekk og er ætlað öllum aldri upp frá því. Það þarf sérstök réttindi til að leggja prófin fyrir og réttindanámskeið eru haldin reglulega. Logos er gjarnan lagt fyrir til að útiloka eða staðfesta lestrarörðugleika.

Orðleysur

Mat á lestri orðleysa (non-words/pseudo words) er annað tveggja stuðningsprófa við lesfímimat Menntamálastofnunar. Því er ætlað að veita kennurum betri vísendingar um mögulegar ástæður þess að nemendur sýna slaka frammistöðu á lesfímimati en kanna ætti stöðu orðleysulestrar hjá nemendum sem



eru rétt yfir og undir lesfímiviðmiði 1 sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Stöðutaka á hæfni nemenda í orðleysum er einnig mjög hentugt í ÍSAT-kennslu.

Orðleysuskimunin er hluti af grunnfærniskimun skólans.

Orðarún

Orðarún – Mat á lesskilningi er staðlað próf fyrir nemendur í 3. til 8. bekk grunnskóla. Prófin eru alls 12, tvö fyrir hvern árgang.

Sjónrænn orðaforði

Sjónrænn orðaforði vísar til hæfni lesara til að þekkja orðmyndir á sjálfvirkan og fyrirhafnarlausan hátt þannig að hann geti einbeitt sér fullkomlega að merkingu orðsins. Stærð sjónræns orðasafns hefur áhrif á lesfími nemandans. Skimunin er hluti af grunnfærni skimun skólans.

Smábarnalistinn

Smábarnalistanum er ætlað að meta mál- og hreyfiproska 15 mánaða til 38 mánaða barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Mæður svara stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna á þeim tíma þegar listinn er fylltur út. Smábarnalistinn er staðlaður héraendis í úrtaki 1132 mæðra barna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Þeir sem hafa lokið réttindanámskeiði um Smábarnalistann mega nota listann. Upplýsingar um listann er að finna á <https://throski.is/smabarnalistinn/>

Stafakönnun

Stafakönnunin er hluti af matstækjum MMS. Tilgangur með framkvæmd stafakönnunar er að gera kennurum kleift að afla upplýsinga um stafabekkingu nemenda á fyrstu stigum lestrarnáms. Könnunin getur gefið upplýsingar um hvort nemandi þekki heiti, hljóð og geti ritað bókstafstákn og eins getur könnunin veitt upplýsingar um það hversu sjálfvirk færnin er orðin. Lagt er til að könnunin sé lögð fyrir grunnskólabörn við upphaf formlegrar lestrarkennslu, við lok stafainnlagnar hjá þeim hópi nemenda sem kennari telur að þurfi endurinnlögn eða hvenær sem kennari vill leita upplýsinga um stöðu stafabekkingar hjá nemendum sínum. Stafakönnunina má einnig nota í leikskólastarfi.

Skimunin er hluti af grunnfærniskimun skólans.

TRAS

Er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.